



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

ársskýrsla

2019

EFNISYFIRLIT

Pistill formanns stjórnar	4
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar	5
Starfsfólk	6
Verktakar	6
Starfsstöðvar	6
Viðurkenning fræðsluaðila	7
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum	8
Rekstur	
Tölfræðiupplýsingar úr starfi Símenntunarmiðstöðvarinnar	
Formlegir samstarfsaðilar	14
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs	
Raunfærnimat	19
Náms- og starfsráðgjöf	22
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði	
Fjölmennt	24
Samstarfsverkefni	29
Innlend	
Erlend	
Fræðslustjóri að láni	
Yfirlit yfir fjarpróf	36
Hitt og þetta	37
Kvasir	
Leikn	
Starfsendurhæfing Vesturlands	
Skóladagar í Borgarbyggð	
Hæfnisetur ferðaþjónustunnar	
Þjónustutengd íslenskukennsla	
Svæðisgarðurinn Snæfellsnes	
Fjölmenningarhátíð í Snæfellsbæ	
Vökudagar á Akranesi	
Styrkur úr þróunarsjóði innflytjendamála	
Námskeið fyrir skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands	
Viltu fræðast meira um framhaldsfræðsluna?	43
Að lokum	44

PISTILL FORMANNS STJÓRNAR

Menntun er nauðsyn! Þetta er vissulega stór fullyrðing, djörf eflaust en þetta er mín sannfæring. Það er hægt að fara langt aftur í tímann og velta fyrir sér hugtakinu menntun og gildi hennar. Flestir eru sammála um nauðsyn menntunar þegar kemur að þroska mannsins og að það sé hverju samfélagi nauðsynlegt að eintaklingar séu menntaðir, þannig að hæfileikar hvers og eins nýtist þeim sem best og ekki síður samfélaginu sem þeir tilheyra.



Árið 1987 gaf Páll Skúlason út bókina Pælingar, sem er safn greina og erinda eftir hann sjálfan þar sem menntun og vísindi eru tengd við heimspekilega hugsun og mannlíf. Páll útskýrir muninn á eðli fræðslu og menntunar svona:

„Eðli allrar fræðslu er að skilja menn eftir ófullnægða: fræðslan fær mönnum í hendur tæki í mynd kunnáttu af öllu tagi, en án þess að segja þeim til hvers og hvernig þeir eiga að nota það sem þeir hafa lært, ef það er yfirleitt til nokkurs skapaðs hlutar. Eðli menntunar er á hinn bóginn að fullnægja mönnum: menntunin segir mönnum hvað máli skiptir og hvað ekki, til hvers þeir geta lifað lífinu og hvernig þeir eiga að fara að því; hún kennir mönnum að beita eigin dómgreind, nýta frelsi sitt til að móta sína eigin lífshætti og lífsstíl“ (Páll Skúlason, Pælingar I, 1987, bls. 340).

Menntun felur nefnilega í sér almennar breytingar á þekkingu, færni og leikni hvers og eins. Menntun er eitthvað sem er lifandi, andstæðan við kyrrstöðu. Kyrrstaða getur þess vegna aldrei verið langvarandi ástand, einfaldlega vegna þess að hlutirnir hafa tilhneigingu til að fara frá einum fasa yfir á annan. Menntun felur í sér ákveðnar væntingar og breytingar, sem taka mið af aðstæðum og mismunandi samfélögum. Menntun er besta leiðin fram á við, menntun og þá um leið aukin þekking er árangursríkasta leiðin til að koma í veg fyrir fordóma, efla virðingu og umhyggju fyrir umhverfinu og því samfélagi sem við viljum búa í.

Á tímum alþjóðavæðingar og tækniframfara, þegar heimurinn hefur smækkað eins mikið og raun ber vitni og allur heimsins fróðleikur er jafn aðgengilegur og rennandi vatn á heimilum okkar Íslendinga á það sama við um menntun hverskonar. Menntun er allt í kringum okkur, formleg sem óformleg.

Það er einlæg ósk mín að þú gefir þér þann tíma sem þú þarft til að menntast. Það er von mín að þú fái til þess þá aðstöðu og svigrúm sem til þarf, bæði í þínu lífi og ekki síður að atvinnulífið veiti þér svigrúm og skilning á nauðsyn menntunart. Ég hvet þig til að halda áfram að menntast, það er alltaf hægt að finna leið sem hentar þér.

Guðrún Lárusdóttir

Endurmenntunarstjóri LbhÍ og
formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar
á Vesturlandi

STJÓRN SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa sex aðalmenn í stjórn og sex til vara. Skipun stjórnar er til tveggja ára og var ný stjórn kosin á aðalfundi 2019.

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Ágústa Elín Ingþórsdóttir	Dröfn Viðarsdóttir
Fyrirtæki/stofnanir	Rósa Guðmundsdóttir	Björn Bjarki Þorsteinsson
Háskólinn á Bifröst	Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir	Ragnheiður Ásta Birgisdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðríður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Lilja Björg Ágústsdóttir	Signý Óskarsdóttir
Stéttarfélagin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á árinu 2019 voru haldnir þrír stjórnarfundir. Aðalfundurinn var haldinn sameiginlega með stofnunum í stoðkerfinu á Vesturlandi, þ.e. Starfsendurhæfingu Vesturlands, Markaðsstofu Vesturlands, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Sorpurðun Vesturlands.

Með þessu fyrirkomulagi hefur skapast góður vettvangur til að kynna starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, m.a. fyrir sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi.

Aðalfundurinn var haldinn 3. apríl 2019.



Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar.



Frá aðalfundi 3. apríl 2019.

STARFSFÓLK

Hjá Símenntunarmiðstöðinni störfuðu samanlagt sex starfsmenn í 4,7 stöðugildum á árinu 2019:

Brynja Mjöll Ólafsdóttir verkefnastjóri, 50% starfshlutfall

Eva Karen Þórðardóttir 100 starfshlutfall

Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, 100% starfshlutfall

Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir verkefnastjóri, 100% starfshlutfall

Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, 100% starfshlutfall

Sunna Rós Þorsteinsdóttir almenn störf, 20% starfshlutfall

Eva Karen Þórðardóttir var ráðin í starf verkefnastjóra í byrjun árs 2019, en ráðningarkerfið var unnið í samstarfi við Hagvang.

Brynja Mjöll lét af störfum hjá Símenntunarmiðstöðinni um áramótin 2019/2020 og eru henni þökk-uð vel unnin störf.

Brynja var með aðstöðu í Áttthagastofu í Ólafsvík, en tekin var ákvörðun um að ráða ekki strax í hennar stað og var því leigunni sagt upp.

VERKTAKAR

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu um 70 verktakar hjá Símenntunarmiðstöðinni á árinu, við kennslu og önnur verkefni. Stór hluti af starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar byggist á vinnu verktaka, þeir kenna á námskeiðum og í lengri námsleiðum og vinna sem matsaðilar í raunfærnimati sem og í verkefnastjórnun og þróunarverkefnum.

STARFSSTÖÐVAR

Símenntunarmiðstöðin rak þrjár starfsstöðvar á Vesturlandi - á Akranesi, í Borgarnesi og Ólafsvík á árinu 2019.

Húsnæði	Staður	Heimili	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Ríkiseignir
Skrifstofur og kennslustofur	Akranes	Suðurgata 57	Akraneskaupstaður
Skrifstofu- og kennsluáðstaða	Ólafsvík	Kirkjutún 2	Snæfellsbær

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir allar starfsstöðvarnar.

BIRGITTA SIGPÓRSDÓTTIR

Fræðslumálin eru mikilvæg

Á síðasta ári hófu Símenntun Vesturlands og Límtré Vírnet samstarf um verkefnið Fræðslustjóri að láni í kjölfar þess að Símenntun kynnti það fyrir stjórnendum fyrirtækisins. Hjá Límtré Vírneti starfa tæplega hundrað manns.

„Verkefnið hófst með viðtölum starfsmanns Símenntunar Vesturlands við starfsmenn í öllum þremur starfsstöðvunum okkar; í Borgarnesi, Reykjavík og á Flúðum. Tekin voru viðtöl við fjóra starfsmenn í mismunandi störfum í hverri starfsstöð. Einnig var rætt við stjórnendur og unnið með ýmislegt varðandi starfsandann í fyrirtækinu. Í kjölfarið var unnin fræðsluáætlun fyrir Límtré Vírnet og kynntir möguleikar okkar til þess að setja upp ýmis fræðslunámskeið og hvernig við gætum sótt fjárhagslegan stuðning til námskeiðahalds. Sem liður í verkefninu fóru stjórnendur fyrirtækisins, frá öllum starfsstöðvum þess, í stjórnendabjálfun hjá Símenntun, sem gaf mjög góða raun. Einnig var efnt til skyndihjálparnámskeiðs fyrir starfsmenn og næst verður boðið upp á öryggis- og eldvarnanámskeið,“ segir Birgitta Sigpórsdóttir, starfsmanna- og fræðslustjóri hjá Límtré Vírneti. Hún bætir við að hún hafi nýlega verið tekin við þessu starfi á síðasta ári þegar Símenntun Vesturlands kynnti Límtré Vírneti þennan kost í fræðslu og símenntun starfsfólks. „Það var mér mjög hjálplegt að vita hvert ég gæti leitað





og í hvaða sjóði við gætum sótt stuðning til námskeiðahalds og fræðslu fyrir starfsmenn.“

Birgitta segist hafa orðið þess vör að stjórnendur fjölmargra fyrirtækja hafi ekki vitneskju um möguleika þeirra til fræðslu fyrir starfsmenn. Leiðirnar séu fleiri og viðtækari en margir kunni að halda.


„Almennt finnst mér og stjórnendum Límtré Vírnets fræðslumálin skipta miklu máli og vera mikilvægan þátt í góðum starfsanda. Við erum mjög ánægð með frumkvæði Símenntunar Vesturlands og það sem hún hefur verið að leiðbeina okkur með og unnið fyrir okkur,“ segir Birgitta Sigpórsdóttir.

STARFSEMI SÍMENNTUNAR- MIÐSTÖÐVARINNAR Í TÖLUM


Rekstur



Þróun gjalda 2011 til 2019







Skipting tekjuliða 2019




Tölfræði

Á árinu 2019 voru haldin 71 styttri og lengri námskeið. Þátttakendur voru alls 756 og nokkur jafnt kynjahlutall. Kennslustundir voru 3.105 og nemendastundir 38.419. Það eru færri sem sækja námskeið og færri nemendastundir á árinu 2019 en 2018 og helgast það m.a. af því að ekki var Stóriðjuskóli á haustönn 2019, en skólinn hefur verið starfræktur frá byrjun árs 2012. Einnig breyttust áætlanir varðandi vottaðar námsleiðir FA og minna framboð af stökum námskeiðum en verið hefur.







Hlutfall þátttakenda eftir svæðum 2019




Hlutfall kennslustunda eftir svæðum



Hlutfall nemendastunda eftir svæðum 2019



Úr starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar



FORMLEGIR SAMSTARFSAÐILAR

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Viðaukasamningur var gerður fyrir árið 2019. Gert er ráð fyrir að nýr samningur byggji á reiknilíkani sem notað er við úthlutun fjár til símenntunarmiðstöðvanna fyrir árið 2020.

Megininntakið í samningnum 2015-2018 er að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 og bjóða upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Vakin er athygli á því að í þeim samningi sem er í bígærð er ekki gert ráð fyrir að ríkið greiði símenntunarmiðstöðvunum fyrir að þjónusta fjarnemendur s.s. vegna prófa í heimabyggð. Hingað til hafa hvorki háskólarnir né nemendur þurft að greiða fyrir þá þjónustu sem nemendurnir hafa fengið hjá símenntunarmiðstöðvunum.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Samningurinn er birtur í heild sinni á vef Símenntunarmiðstöðvarinnar - www.simenntun.is.



Frá Menntadegi í Borgarbyggð.

MAGDA SKRODZKA

Tók fjarnám- skeið í íslensku

Í janúar á þessu ári voru fjögur ár liðin frá því Magda Skrodzka flutti frá Póllandi til Íslands. Búferlaflutningana má rekja til atvinnuástandsins í heimalandinu og að Mögdu gafst kostur á betur launaðri vinnu hér á landi. Einnig hafði það sitt að segja að tvö systkini hennar höfðu til margra ára búið á Íslandi og fest hér rætur. Fyrir Mögdu var skrefið að flytja til Íslands því ekki eins stórt og ella hefði verið.

Frá því að Magda kom til landsins hefur hún búið í Borgarnesi. Fyrst vann hún um nokkurra mánaða skeið í fiski en síðan í hálf tann ári í þvottahúsi á Bifröst og ók þá daglega á milli. Nú starfar hún hjá Egils Guesthouse í Borgarnesi og kann því vel.

Fljótlega eftir að Magda kom til Íslands fór hún á grunnnámskeið í íslensku – fyrsta þrep – en tók á síðasta ári fjarnámskeið á netinu á öðru þrepi. Magda segir að það hafi vissulega verið töluvert öðruvísi áskorun en fyrsta námskeiðið sem var í staðarnámi. Magda segist þakklát fyrir að hafa gefist kostur á að taka námskeiðið með þessum hætti sem hafi komið til af því að óreglulegur vinnutími hennar hafi gert henni erfitt fyrir að sækja námskeiðið á fyrirfram ákveðnum tíma.

Magda dregur ekki dul á að hún sé betur að sér í ensku en íslensku og noti hana meira dags daglega. Það komi líka til af því að hún starfi í ferðaþjónustunni og samskipti við viðskiptavinum fari að stórum hluta fram á ensku. Engu að síður hafi það komið sér afar vel að hafa þegar tekið tvö íslenskunámskeið og bætt þannig smám



saman við orðaforðann. Einstaka sinnum gerist það að hún þekki orðin á íslensku en ekki ensku og það hljóti þá að vera til marks um að hún hafi eitthvað lært. Magda hefur hug á því að taka þriðja íslenskunámskeiðið, þó líklega ekki á þessu ári en hún horfir til þess að gera það á næsta ári.

Magda segir að bæði systir hennar, sem hefur búið hér í tuttugu ár, og bróðir, sem hafi búið á landinu í hálfan annan áratug, hafi lært tungumálið mjög vel og þau hafi kennt sér heilmikið í íslenskunni. „Mér er ljóst að til þess að búa hér á landi er nauðsynlegt að læra tungumálið. Vissulega er erfitt að læra það en engu að síður er mikilvægt að gefast ekki upp og bæta smám saman við þekkinguna,“ segir Magda Skrodzka.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 28. maí 2015 um aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði segir m.a. í sjötta lið:

„Framhaldsfræðsla og starfsmenntun“. Tryggt verður fjármagn til að fylgja eftir sameiginlegum áherslum menntayfirvalda og aðila vinnumarkaðarins sem lúta að því að tryggja starfsemi símenntunarmiðstöðva og námstækifæri fyrir nemendur yfir 25 ára aldri, bætt skilyrði til starfsnáms með reglulegum og auknum framlögum til vinnustaðanámssjóðs og til að hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds- og háskólakerfinu. Aukin framlög á fjárlögum vegna þessara áherslna munu nema 200 m.kr. á ári hverju.“¹

Hér má sjá hvernig fjármagninu var skipt til símenntunarmiðstöðvanna 2016–2019:

Símenntunarmiðstöðvar	2016	2017	2018	2019
Austurbrú	4.500.000	4.800.000	4.700.000	4.307.850
Farskólinn - Norðurland vestra	2.400.000	2.800.000	2.900.000	3.080.000
Framvegis í Reykjavík	4.200.000	5.100.000	5.500.000	6.925.881
Fræðslunet Suðurlands	6.500.000	7.700.000	7.600.000	8.326.385
Fræðslumiðst. Vestfjarða	4.800.000	5.000.000	4.900.000	4.633.927
Mímir í Reykjavík	31.400.000	34.200.000	34.200.000	33.633.655
MSS-Suðurnes	16.200.000	17.600.000	17.700.000	17.569.174
SÍMEY Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	15.200.000	16.300.000	16.200.000	14.800.000
Símenntunarmiðst. Vesturlands	4.800.000	5.700.000	5.600.000	6.083.538
Pekkingarnet Píngeyinga	2.400.000	2.600.000	2.700.000	2.700.000
Viska Vestmannaeyjum	2.600.000	3.200.000	3.000.000	2.868.414
Samtals	95.000.000	105.000.000	105.000.000	104.928.824

Við útteilingu fjármuna var ekki stuðst við neitt reiknilíkan, heldur hefur þetta aukaframlag tekið mið af því hversu mikið fjármagn símenntunarmiðstöðvarnar hafa fengið og nýtt úr Fræðslusjóði. Dreifbýlli svæðin hafa komið langverst út úr þessari úthlutun. Fulltrúar símenntunarmiðstöðva á dreifbýlli svæðum hafa gert athugasemdir við þessa aðferðafræði við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Í þessu samhengi má einnig geta þess að við úthlutun Fræðslusjóðs gilda sömu reglur um lágmarksfjölda þátttakenda í vottaðar námsleiðir, alveg sama hvort um er að ræða höfuðborgarsvæðið eða fámenn byggðarlög utan höfuðborgarsvæðisins. Að lágmarki þarf 10 þátttakendur til að mega fara af stað með vottaða námsleið.

1 <https://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/adgerdir-rikisstjornarinnar-til-ad-greida-fyrir-gerd-kjarasamninga-a-almennum-vinumarkadi#rad>

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Þann 14. desember 2015 var undirritaður samningur milli mennta- og menningarmála-ráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um vinnu við verkefni á sviði framhaldsfræðslu sem gildir frá 1. janúar til ársloka 2021.

Þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið og yfirlýsingar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a. framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b. framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar vottaðar námsleiðir samkvæmt námsskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.



Frá Akranesi.



Frá Grundarfirði.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunarmiðstöðvarinnar 2017 skiptist svona:

Umsóknir Símenntunar	Sótt um	Úthlutað
Vottaðar námsleiðir	30.350.000	26.380.000
Náms- og starfsráðgjöf	8.500.000	8.210.000
Raunfærnimat	4.355.000	4.438.000

Upplýsingar um úthlutanir Fræðslusjóðs til allra símenntunarmiðstöðva má nálgast hér:

<http://frae.is/fraedslusjodur/gogn/>

Upplýsingar um skilmála Fræðslusjóðs má nálgast hér:

<https://frae.is/wp-content/uploads/2017/11/Skilmalar-lokaskjal-2014.pdf>

Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs

Hlutverk Fræðslusjóðs er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sérstök úthlutunarnefnd er á vegum Fræðslusjóðs sem metur umsóknir og ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári.

Auglýst er eftir umsóknum í mars ár hvert.

Símenntunarmiðstöðin sótti um styrk í tilraunaverkefni sem gengur út á einstaklingsmiðaða fjarkennslu í íslensku í dreifðum byggðum.

Símenntunarmiðstöðin fékk 1.191.000 kr. til að þróa verkefnið.

Hér eru upplýsingar um úthlutanir til nýsköpunar- og þróunarverkefna:

<http://frae.is/fraedslusjodur/nyskopunar-og-throunarverkefni/>

RAUNFÆRNIMAT

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir fólki úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem það hefur öðlast í starfi metið til eininga. Raunfærnimatið getur stytt nám og auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein og öðlast starfsréttindi að því loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára lífaldri og 3 ára starfsaldri. Símenntunarmiðstöðvarnar fá 18 mánuði til að vinna raunfærnimatsverkefni.

Raunfærnimat í verslunarfulltrúa

Raunfærnimat í verslunarfulltrúa fór fram á árinu 2019. Matið byggir á námskránni „Verslunarfulltrúinn“ sem er útgefin af FA og má meta alls 26 f-einingar af 29. Alls var gert ráð fyrir 15 þátttakendum, en 10 luku raunfærnimati, allt konur. Meðalaldur þeirra er 45,5 ár. Átta þátttakendur fengu fullt mat, einn lauk öllu nema ritunarfærni og annar lauk öllu nema notkun upplýsingatækni.

Matsaðili í verkefninu er Garðar Vilhjálmsson kennari í MK.

Raunfærnimat í búfræði

Símenntunarmiðstöðin tekur þátt í þróunarverkefni í raunfærnimati í búfræði í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Mikill áhugi er á þessu raunfærnimati og skapaðist fljótlega eftirspurn umfram framboð plássá í raunfærnimatinu. Metið er inn á búfræðibrautina og beinist áhugi þátttakenda að því að hefja nám eða halda áfram námi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Á árinu 2019 fóru 7 manns í gegnum raunfærnimatið og voru að meðaltali 11 staðnar einingar á einstakling, en búfræðibrautin er 135 einingar. Meðalaldur þátttakenda er 32 ár.

Stefnt er að því að 13 einstaklingar fari í gegnum þetta raunfærnimat árið 2020 miðað við fjárveitingu Fræðslusjóðs.

Símenntunarmiðstöðin er eina miðstöðin sem býður upp á þetta raunfærnimat enn sem komið er. Matsaðilar í verkefninu eru Ólöf Ósk Guðmundsdóttir námsbrautarstjóri búfræðibrautar og Eyjólfur Kristinn Örnólfsson sérfræðingur og kennari hjá LBHÍ.

Raunfærnimat í samstarfi við aðrar miðstöðvar

Símenntunarmiðstöðin er í samstarfi við IDUNA fræðslusetur um raunfærnimat í iðngreinum og við Visku í Vestmannaeyjum um raunfærnimat í skipstjórn.

Tveir einstaklingar fóru í raunfærnimat í iðngreinum í samstarfi við IÐUNA og voru staðnar einingar að meðaltali 44.

Í raunfærnimati í skipstjórn voru 5 einstaklingar og voru staðnar einingar að meðaltali 16.

Námskeið um framkvæmd raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimatsverkefnum. Slík námskeið eru haldin að meðaltali tvisvar á ári og fer allt starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar á slíkt námskeið.

Nánari upplýsingar um raunfærnimat má nálgast hér: <https://frae.is/raunfaernimat/>

Yfirlit yfir vottaðar námsleiðir árið 2019:

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út námskrár sem meta má til eininga í formlega skólakerfinu, en eru vottaðar af Menntamálastofnun. Námskrárnar eru bæði almenns eðlis og starfstengdar. Námskrár, sem gerðar eru í dag, byggja margar á svokallaðri hæfnigreiningu starfa eða starfaþrófilum.

Vottaðar námsleiðir skiptast annars vegar í almennar námskrár og hins vegar starfstengdar námskrár. Nánari upplýsingar um vottaðar námsleiðir má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is/namskrar

Hæfnigreiningar starfa:

Stóriðjuskóli Norðurláls er gott dæmi um að markviss símenntun í fyrirtækjum skilar árangri. Sú staðreynd að svo margir af útskrifuðum nemendum hafa haldið áfram í námi staðfestir að Stóriðjuskólinn er ákveðinn stökkpallur til þess að taka frekari námsskref.

Farið var fyrst af stað með stóriðjuskólann í byrjun árs 2012 og hafa 161 útskrifast frá upphafi, þ.e. 94 úr grunnnámi og 67 úr framhaldsnámi. Af þeim 94 sem hafa útskrifast úr grunnnáminu eru 11 konur og 83 karlar og í framhaldsnáminu hafa útskrifast 4 konur og 63 karlar.

Síðustu hóparnir útskrifuðust vorið 2019, einn í grunnnámi og einn í framhaldsnámi.

Stóriðjuskólinn er samstarf Norðurláls, Símenntunarmiðstöðvarinnar og Fjölbrautaskóla Vesturlands og þetta samstarf hefur gefist mjög vel.





MARGRÉT RÓSA EINARSDÓTTIR

Fræðslustjóri að láni hjá Hótel Glym og í Englendingavík

Símenntun Vesturlands og Hótel Glymur/Englendingavík fóru á síðasta ári í samstarf um fræðslu fyrir starfsmenn fyrirtækjanna með verkefninu Fræðslustjóri að láni og síðan var gerð fræðsluáætlun fyrir þau.

Margrét Rósa Einarisdóttir tók í nóvember 2018 við rekstri ferðaþjónustufyrirtækjanna Hótel Glyms í Hvalfirði og Englendingavíkur í Borgarnesi. Hótelið er opið allt árið í gistingu og mat. Í Englendingavík er opið fyrir gistingu allt árið en veitingahlutinn lokaður yfir háveturinn.

Áður en Margrét tók við rekstri Hótels Glyms og Englendingavíkur hafði hún umsjón með námskeiðum í þjónustu, undir nafninu Þjónaskólinn, og þekkir því vel til mikilvægis fræðslu og símenntunar fyrir starfsfólk í þjónustustörfum.

„Samstarfið við Símenntun gekk þannig fyrir sig að fundað var með starfsfólkinu og síðan var gerð fræðsluáætlun. Eftir henni vinnum við, framundan eru skyndihjálparnámskeið og öryggis- og brunavarnanámskeið,“ segir Margrét Rósa en í það heila vinna samtals um þrjátíu manns yfir sumarmánuðina hjá Hótel Glym og í Englendingavík en störfín eru eðilega mun færri yfir vetrarmánuðina. Margrét segir



að um helmingur starfsmanna sé útlendingar og fræðslu til þeirra sé miðlað á ensku.

Margrét segir samstarfið við Símenntun Vesturlands hafa gengið ljómandi vel. Varðandi námskeiðahald sé alltaf erfiðast að finna tíma sem hentar öllu starfsfólki, í ljósi þess að unnið er á vöktum í ferðaþjónustunni. Reynt sé að grípa tækifærið þá daga þegar bókanir eru með minna móti.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna hefur verið í boði frá árinu 2006 og umfangið hefur aukist jafnt og þétt. Náms- og starfsráðgjöfin er hlutlaus ráðgjöf og ætluð fullorðnu fólki sem tilheyrir markhópi skv. lagalegri skilgreiningu í framhaldsfræðslulögum nr. 27/2010. Til þess að ná til fólks þarf að kynna ráðgjöfina þannig að sem flestir skilji hvað er í boði og sjái sér hag í því að koma í viðtal.

Markmiðið með náms- og starfsráðgjöf er að veita upplýsingar um nám og störf, meta námsþarfir einstaklinga, halda utan um og veita stuðning í raunfærnimati, aðstoða og ráðleggja við ferilskrá og starfsleit auk persónulegar handleiðslu, eftirfylgni o.fl. Enn fremur felur starfið í sér að halda utan um skráningar viðtala og niðurstöður raunfærnimats.

Ráðgjöfin fer oftast fram á starfsstöðvum Símenntunarmiðstöðvarinnar og er lögð áhersla á að ráðþegar fái þjónustu í sinni heimabyggð. Ráðgjöf getur einnig farið fram í fyrirtækjum og þá í samstarfi við viðkomandi fyrirtæki. Nemendum sem sækja lengri námskeið og námsleiðir hjá SMV bjóðast viðtöl við náms- og starfsráðgjafa. Rafræn ráðgjöf sem fer fram í gegnum hjarfund eða síma er jafnframt í boði og eykst þessi nálgun jafnt og þétt.

Samstarf við fyrirtæki og stofnanir er jákvætt og mikilvægt að atvinnurekendur sjái sér hag í því að vera í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina. Aðrir samstarfsaðilar á Vesturlandi eru Vinnumálastofnun, VIRK, stéttarfélög, Starfsendurhæfing, deildir Rauða krossins, endurmenntunardeildir háskólanna og framhaldsskólarnir.

Kjarninn í náms- og starfsráðgjöf eru ráðþegarnir, því án þeirra væri engin ráðgjöf. Leitast er við að mæta einstaklingum á eigin forsendum og því mikilvægt að átta sig á fjölbreytileika þeirra, vera meðvitaður um menningarmun, ásamt því að hafa heildræna yfirsýn yfir markmið, möguleika, tækifæri og árangur hvers og eins. Þrátt fyrir að ráðþegar tilheyri markhópi eru þeir almennt ólíkir einstaklingar og stundum er ráðgjöfin úrræði þegar þeir sjá fram á einhverjar breytingar í lífi sínu, eins og t.d. atvinnumissi eða heilsubrest. Hins vegar er ráðgjöfin ekki síður kostur til að staldra við, skoða eigin stöðu og velta fyrir sér náms- eða starfsþróun. Fjölmörg dæmi eru um að ráðgjöfin leiði af sér að fólk fer t.d. í raunfærnimat, fer í nám, lýkur námi, breytir til í starfsferli o.s.frv.

Margir innflytjendur tilheyra markhópnum og getur náms- og starfsráðgjöf reynst þeim gagnleg við ýmislegt, s.s. atvinnuleit, upplýsingaöflun um störf og símenntun, mat á færni, reynslu og menntun og sem hvatning til starfsþróunar í nýju landi. SMV hefur verið leiðandi í því að nálgast innflytjendur með náms- og starfsráðgjöf og hefur hlutfall þeirra af heildarfjölda ráðþega verið ríflega þriðjungur síðustu ár. Með innflytjendum er hugað að því að kortleggja fyrri menntun, reynslu og færni og athugað hvort þeir geti fengið starfsréttindi metin og yfirfærð frá sínu heimalandi. Þá fá þeir eftir atvikum aðstoð við gerð ferilskráa og umsóknir um störf.

Hægt er að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í gegnum vef Símenntunar eða hringja og óska eftir viðtali.

Heildarfjöldi viðtala	2019
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	378
Samtals	378

Kyn	2019
Kona	213
Karl	165
Samtals	378

Menntunarstig	2019
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	280
Grunnskóli	57
Háskólapróf	3
Starfsmenntun - minna en tvö ár	26
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	1
Stúdentspróf	11
Samtals	378

Aldursbil	2019
0 - 25 ára	26
26 - 40 ára	194
41 - 55 ára	113
56 og eldri	45
Samtals	378

Tegund viðtals	2019
Hópráðgjöf	24
Hvatningarviðtal	88
Ráðgjafaviðtal	266
Samtals	378

Staða á vinnumarkaði	2019
Annað	5
Atvinnuleitandi	111
Hlutastarf og hlutabætur	3
Í námi	9
Í starfi	239
Öryrki	2
Starfsendurhæfing	9
Samtals	378

Ástæða viðtals	2019
Að eigin frumkvæði	87
Boðun í viðtal vegna VMST	44
Eftir kynningu í fyrirtæki eða stofnun	118
Eftirfylgni vegna raunfærnimats	3
Færnimöppugerð	3
Færnimöppugerð v. raunfærnimats	29
Skimun í raunfærnimat	34
Stuðningur í matssamtali	59
Tilvísun frá VIRK endurhæfingastjóð	1
Samtals	378

Þjóðerni	2019
Ísland	252
Pólland	67
Aðrar þjóðir	59
Samtals	378



FJÖLMENNT

Símenntunarmiðstöð Vesturlands er með þjónustusamning við Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð um sí- og endurmenntun fyrir fólk með fötlun, 20 ára og eldra. Í samningnum er tekið fram að Símenntunarmiðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.

Mjög góð samvinna er við þá aðila sem standa að málefnum fólks með fötlun á svæðinu sem er forsenda þess að vel takist til. Ljóst er að bæta þarf í það fjármagn sem Símenntunarmiðstöðin fær á hverju ári til að geta boðið upp á fleiri námskeið og enn metnaðarfullra námsframboð.



Skipulag námskeiða á árinu 2019 var með svipuðu sniði og árið á undan. Boðið var upp á námskeið á fimm stöðum; á Akranesi, í Borgarnesi, Stykkishólmi, Ólafsvík og á Fellsenda í Dölum. Samtals voru skráningar 98 á þau 15 námskeið sem voru haldin á árinu. Tveir hópar voru á fjórum námskeiðum. Skráningar voru færri en árið á undan og má rekja það að hluta til að á haustönn voru engin námskeið haldin í Stykkishólmi vegna breytinga á vinnuaðstöðu markhópsins þar. Heildar kennslustundafjöldi var 151 og nemendastundirnar voru 1.016. Hver kennslustund er 40 mínútur. Nánari sundurliðun má sjá í meðfylgjandi töflu:

F j ö l d i

STAÐUR	NÁMSKEIÐ	Þáttak- endur	Kennslu- st. (klst)	stundir tvenningu-	Konur	Karlar	Meðal- aldur
Akranes	Akranes – bærinn minn	3	8	24	2	1	26
Akranes	Bollakökur (2 hópar)	9	16	144	8	1	35
Akranes	Eldum úti (2 hópar)	7	16	112	5	2	31
Akranes	Kallaspjall	7	8	56	0	7	43
Akranes	Kallaspjall	7	8	56	0	7	50
Akranes	Kelluspjall	6	8	48	6	0	40
Akranes	Líkamsrækt og jóga	8	8	64	3	5	36
Akranes	Ljósmyndun	4	8	32	3	1	33
Akranes	Tónlist og sköpun	9	6	54	5	4	34
	Samtals	60	86	590	32	28	37,3
Borgarnes	Tækjaleikfimi	4	8	32	1	3	53
Borgarnes	Tækjaleikfimi	2	8	16	0	2	50
	Samtals	6	16	48	1	5	52
Ólafsvík	Boðið til veislu (2 hópar)	7	16	112	1	6	29
Stykkishólmur	Eldum úti (2 hópar)	6	16	96	3	3	32
	Samtals	13	32	208	4	9	30,4
Fellsendi	Tónlist og tal	10	9	90	4	6	64
Fellsendi	Tónlist	10	8	80	3	7	70
	Samtals	20	17	170	7	13	67
	Heildartölur	98	151	1.016	43	55	46,7

Verulegs ósamræmis gætir í úthlutun Fjölmenntar til símenntunarmiðstöðvanna.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar hefur gert athugasemdir við stjórn Fjölmenntar, fyrst árið 2012 og aftur árið 2017. Í svarbréfi stjórnar Fjölmenntar til stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar dags. 27.11.2017 segir orðrétt: „Þjónustusamningur Fjölmenntar við menntamálaráðuneyti rennur út nú um áramótin og hafin er vinna við nýjan samning. Eitt af þeim atriðum sem tekið verður fyrir í nýjum samningi eru greiðslur til símenntunarstöðva og skipting fjármagns þeirra á milli. Í núverandi samningi eru engin ákvæði um hversu háum fjárhæðum skuli varið til stöðvanna eða hvernig skipting þeirra á milli eigi að vera. Það er von okkar að í nýjum samningi verði skýrt kveðið á um hvernig þessu skuli háttað og ákvarðanir byggðar á faglegum grunni. Stefnt er að því að samningurinn verði tilbúinn fyrir áramót og þá ætti niðurstaða að liggja fyrir.“


Síðan þetta var ritað hefur ekkert gerst og sömu krónutölu verið úthlutað til símenntunarmiðstöðvanna.

Hér má sjá úthlutun Fjölmenntar til símenntunarmiðstöðva utan höfuðborgarsvæðisins 2017-2019:

Símenntunarmiðstöð	2017	2018	2019
Austurbrú	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Farskólinn á Norðurlandi vestra	2.000.000	2.000.000	2.000.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Fræðslunet Suðurlands	15.500.000	15.500.000	15.500.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4.500.000	4.500.000	4.500.000
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	4.500.000	4.500.000	4.500.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	16.700.000	16.700.000	16.700.000
Viska í Vestmannaeyjum	1.500.000	1.500.000	1.500.000
Pekkingarnet Pingeyinga	1.700.000	1.700.000	1.700.000

Ástæða þess að Fræðslunet Suðurlands og SÍMEY fá mun herra framlag en aðrir byggist á því að starfsstöðvar Fjölmenntar voru lagðar niður á þessum stöðum árið 2012 og gerður samningur við símenntunarmiðstöðvarnar. Þjónustusamningar við þessar miðstöðvar eru, þrátt fyrir þetta, í engu frábrugðnir þjónustusamningum við hinar miðstöðvarnar á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmenntar – símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar er að finna á www.fjolmennt.is



RAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR

Fjölbreytt verkefni Svæðisgarðsins Snæfellsness í samstarfi við Símenntun

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes var settur á stofn árið 2014, fyrsti og eini svæðisgarðurinn á landinu til þessa. Í sem stystu máli er hann víðtækt samstarf fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka á Snæfellsnesi, í félagslegu, menningarlegu og atvinnulegu tilliti, og var frá upphafi horft til langtímasamvinnu og gerður samningur um fyrstu tíu ár verkefnisins. Svæðisgarðurur heitir á ensku Regional Park og eru þeir víða í nágrannalöndunum, til dæmis Noregi.

Frá 2014 hefur Svæðisgarðurinn Snæfellsnes komið að ýmsum verkefnum og segist Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri, meta það svo að þessi hugmyndafræði hafi skilað svæðinu umtalsverðum ávinningi. „Á síðasta ári, þegar Svæðisgarðurinn Snæfellsnes hafði starfað í fimm ár, máttum við þau verkefni sem við höfðum þegar unnið að og skilgreindum helstu verkefni til framtíðar,“ segir Ragnhildur.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes hefur unnið að ólíkum verkefnum með Símenntun Vesturlands. Nefna má átthagafræðinámskeið þar sem var farið í ýmislegt er lýtur að sérstöðu Snæfellsness en Ragnhildur segir að mikil gróska sé í átthagafræðikennslu í öllum skólum á Snæfellsnesi. Einnig vann Svæðisgarðurinn með Símenntun að fræðslu fyrir nýbúa á svæðinu með íslenskunámskeiðum og Landnemaskólanum



en af um fjögur þúsund íbúum á svæðinu eru um átta hundruð af erlendu bergi brotnir. Ragnhildur segir að aldrei sé of mikil áhersla lögð á að fræða nýbúa um nærsamfélagið, hvað það hafi upp á að bjóða og hvernig nýbúar geti nýtt sér þjónustu og tómstundir. Allir græði á því að sem flestir íbúar séu virkir í samfélaginu sem þeir búi í en til þess þurfi þeir að þekkja það og skilja. Þá sé líka kominn hvati til að læra íslensku.

Dæmi um vel heppnað verkefni nefnir Ragnhildur samstarf sjávarútvegsfyrirtækisins G.Run í Grundarfirði og Símenntunar um fjölþætta

fræðslu fyrir erlent starfsfólk fyrirtækisins. Það verkefni hafi sýnt fram á hversu mikilvægt sé að fræða nýbúa um hina ýmsu þætti samfélagsins, auk markvissrar íslenskukennslu.

Frá febrúar og fram í apríl á þessu ári, taka tveir hópar, einn í Dölum og annar á Snæfellsnesi, þátt í námskeiðinu Matur frá A – Ö, beint frá bát og býli. „Þetta er gott dæmi um samstarfsverkefni, í þessu tilfelli milli Svæðisgarðsins Snæfellsness, Símenntunar Vesturlands og Markaðsstofu Vesturlands. Tuttugu aðilar hittast reglulega og bera saman bækur sínar og taka þátt í fjórum vinnusmiðjum.

Einnig veitir verkefnið þátttakendum aðgang að sjö netnámskeiðum frá Matís. Markmiðið er í stuttu máli að þróa nýjar vörur úr því fjölbreytta hráefni sem er til staðar á svæðinu. Verkefnið er unnið í tengslum við nýstofnaðan matarklasa á Snæfellsnesi og áhersla lögð á jafningjafræðslu. „Það er von okkar og trú að við getum haldið áfram á sömu braut í framhaldinu, því við finnum að þetta skilar góðum árangri,“ segir Ragnhildur og bætir við að sú þekking og reynsla sem starfsfólk Símenntunar Vesturlands búi yfir sé afar dýrmæt þegar unnið sé að slíkum fræðslu- og þróunarverkefnum.



SAMSTARFSVERKEFNI – INNLEND OG ERLEND

Innlend verkefni

Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Á árinu 2019 voru námskeið haldin fyrir atvinnuleitendur í Ólafsvík, Borgarnesi og á Akranesi. Alls voru haldin 6 námskeið í gerð ferilskrár, 4 námskeið í íslensku fyrir útlendinga og námsleiðin Íslensk menning og samfélag var kennd á Akranesi.



Allir sem fara á íslenskunámskeið fara fyrst í stöðumat í íslensku, sem er nauðsynlegt til þess að gera kennsluna markvissari. Auk þess þurfa allir þátttakendur á íslenskunámskeiðunum að gera ferilskrár í lok námskeiðs sem síðan eru vistaðar á vef Vinnumálastofnunar.

Ýmsan fróðleik og tölfraði má finna á vef Vinnumálastofnunar www.vinnumalastofnun.is

Rauði kross Íslands, Borgarfjarðardeild – Vala skoða texta

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í farsælu samstarfi við Rauða kross Íslands, Vesturlandsdeild. Rauði krossinn og Símenntun halda skyndihjálparnámskeið fyrir fyrirtæki og einstaklinga eftir eftirspurn. Rauði krossinn útvegar gögn og leiðbeinendur en SMV húsnæði og auglýsir eftir atvikum.

Átthaganám

Námskeiðið „Átthaganám með sérstaka áherslu á Akranes og Hvalfjarðarsveit“, var haldið á haustmánuðum í samvinnu við Markaðsstofu Vesturlands og styrkt af Sóknaráætlun Vesturlands. Markmið námskeiðsins var að efla þekkingu þátttakenda á svæðinu og jafnframt auka færni þeirra í að miðla þekkingu á skemmtilegan hátt. Inntak námskeiðsins var saga svæðisins, náttúrufar og byggðirnar á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit auk þess sem farið var í undirstöðuatriði í móttöku gesta og upplýsingamiðlun. Það var alltaf tilgangurinn að námskeiðið væri fyrir þá einstaklinga sem vildu vita meira um sitt nærumhverfi og auka færni sína í að deila þeim upplýsingum með gestum sínum.



Námið var byggt upp með með fjórum staðarlotum sem voru á laugardögum klukkan 10 – 16, ýmist á Akranesi eða í Hvalfjarðarsveit og á vikulegum netfundum. Í staðarlotunum var meðal annars fjallað um sagnaseið og sögufylgjur, keltneska arfinn, frásagnarmátann, skyndihjálp og

frumkvöðlastarf í heimabyggð. Í einni staðarlotunni voru kynningar þar sem þátttakendur sögðu frá efni sem féll að þeirra áhugasviði og kenndi þar ýmissa grasa. Í síðustu staðarlotunni sáu þátttakendur um svæðisleiðsögn sem hver og einn undirbjó og fræddi aðra þátttakendur um valin svæði í sinni heimabyggð.

Vikulega fengu þátttakendur netfyrirlestra sem fjölluðu um ákveðin efni og í kjölfarið fóru í gang umræður á netinu þar sem öllum gafst færi á að spyrja viðkomandi fyrirlesara nánar út í efnið.

Níu einstaklingar skráðu sig á námskeiðið og voru átta þeirra með til loka. Mikil gróska var í hópnum, gleði og ánægja. Námskeið sem eflir þekkingu í nærumhverfi og eykur færni í gestamóttöku á svo sannarlega rétt á sér þegar ferðamönnum fjölgar og gestir vilja meiri fræðslu um lífið og sögur manna í heimabyggð.

Erlend verkefni

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í þremur erlendum verkefnum á árinu 2019. Fyrst skal nefnt Erasmus+ verkefnið Advancing Migrant Women (AMW) og fjallar um málefni kvenna af erlendum uppruna. Annað er verkefnið FEENICS - Furthering Youth Empowerment Through Enhancing Intrapreneurial Commitment and Skills, þ.e. skapandi hæfni og virkni sem valdefling fyrir ungt fólk og leiðir Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi það verkefni. Þriðja verkefnið er Alternative active citizenship sem lauk haustið 2019.

Advancing Migrant Women (AMW)

Í febrúar 2020 lauk ESB samstarfsverkefninu „Advancing Migrant Women“ (AMW). Verkefnið hófst í september 2017 og var umfangsmikið. Verkefnisstjórn var í höndum Háskólans á Bifröst, en Símenntun tók einnig virkan þátt í því fyrir Íslands hönd. Aðrir samstarfsaðilar voru: Centro per lo Sviluppo Creativo Danilo Dolci (Ítalía), Hellenic American Educational Centre (Grikkland) og Inova Consultancy Ltd. (Bretland).

Rannsóknir sýna að fólki af erlendum uppruna er hættara við félagslegri einangrun. Sérstaklega eiga konur af erlendum uppruna erfitt um vik vegna erfiðra fjárhagsaðstæðna og lítillar menntunar auk þess sem oft skortir stuðning frá fjölskyldunni sem býr jafnvel í öðrum heimshluta. Það er því ekki að furða, að atvinnuleysi meðal þessa hóps er oft mikið sem svo leiðir til þess að þær ná oft ekki að aðlagast samfélaginu sem skyldi.

Eitt af megin markmiðum AMW verkefnisins var að þróa stuðningsúræði og hágæða námsefni fyrir konur af erlendum uppruna og styrkja þannig stöðu þeirra gagnvart vinnumarkaðnum eða, ef því var að skipta, styðja þær við að koma á laggirnar sjálfstæðri starfsemi. Þegar þróuð eru námskeið og vinnusmiðjur fyrir þennan markhóp er nauðsynlegt að taka tillit til fjölbreytileikans. Af þessum ástæðum var í AMW verkefninu þróuð sérstök þjálfunaráætlun sem tekur mið af þörfum og aðstæðum kvenna af erlendum uppruna.

Auk þjálfunar var innan ramma verkefnisins ráðist í ítarlegar rannsóknir á þeirri fyrirstöðu sem konur af erlendum uppruna standa frammi fyrir við atvinnuleit. Meðal þess sem fjallað var um í þessum rannsóknum var viðhorf vinnuveitenda til kvenna af erlendum uppruna. Fjallað var um reynslu vinnuveitenda af því að ráða þessar konur í vinnu og kröfur sem gerðar eru til þeirra varðandi hæfni, menntun o.þ.h.

Hluti af aðkomu Símenntunar í þessum hluta verkefnisins var að standa fyrir námskeiðum og þjálfun þar sem aðferðir og námsefni AMW verkefnisins var notað og tókst það með ágætum þótt fleiri konur hefðu mátt taka þátt. Að hinu er að gæta, að samstarfsþjóðirnar eru milljónaþjóðir þar sem mikill fjöldi kvenna af erlendum uppruna býr.

Megináherslur þessa hluta verkefnisins voru:

1. NLP - . Þátttakendur kynntust þessari aðferð, sem miðar að því að efla jákvæðni og auka félagsfærni.
2. Sjálfsskynjun og jákvæð sálfræði; kortlagning á eigin færni. Aðferðin miðaði að því að auka sjálfsvitund þátttakenda, þannig að þeir gætu tekið betri ákvarðanir í persónulegu og faglegu lífi sínu.
3. Nám með áherslu á eigin styrkleika. Hér var áherslan á að aðstoða konurnar við að koma auga á eigin styrkleika, bæði hvað varðaði starfshæfni og frumkvöðlastarf.
4. „Ég“ sem „vörumerki“. Markmiðið var að aðstoða þátttakendur við að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og voru unnin ýmis verkefni í því skyni. Áhersla var á að draga fram styrkleikana og sérstaka hæfileika og sjá til þess, að þeir endurspegluðust í ferilskrá og atvinnuviðtali.
5. Frumkvöðlastarfsemi: er það eitthvað fyrir mig? Hér fengu þátttakendur almennt yfirlit yfir frumkvöðlafræðin. Hvaða eiginleikar skipta mestu máli, sérstaða sem felst í því að reka eigið fyrirtæki, grundvallaratriðin í vandaðri viðskiptaáætlun. Enn fremur var farið yfir þau fjárhagslegu og lagalegu atriði sem skipta mestu máli í undirbúningi og framkvæmd frumkvöðlaverkefna.
6. Hugmyndaleit og sköpunargleði. Þessi eining var með áherslu á skapandi hugsun og voru þátttakendur hvattir til að nýta sér sköpunarkraftinn til að þróa nýjar hugmyndir og leysa vandamál á skapandi hátt.

Með því að taka þátt í verkefninu öðluðust konurnar aukið sjálfstraust og settu sér skýr markmið, jafnt í starfi sem persónuleg.

Hitt meginmarkmið AMW verkefnisins var að auka vitund vinnuveitenda um kosti þess og mikilvægi að ráða til starfa konur af erlendum uppruna. Í þessu skyni var þróuð handbók (54 bls.) sem var að stórum hluta hugsuð fyrir vinnuveitendur. Ritstjórn og umsjón þessarar handbókar var í höndum Símenntunar auk þess sem Símenntun annaðist þýðingu handbókarinnar úr ensku yfir á íslensku.

Í handbókinni er útskýrt, hvers vegna það getur þjónað hagsmunum fyrirtækja, stofnana og samtaka að ráða konur af erlendum uppruna til starfa. Að sjálfsögðu er oft um mismunandi

menningarlegan bakgrunn að ræða og er fjallað um það hvernig best er að fást við það, bæði hvað varðar fjölmennningarlega hæfni og baráttuna gegn staðalímyndum framtíðar vinnuveitenda og starfsfólks. Einnig er mikilvægt að virða og taka tillit til mismunandi menningarvenja sem geta haft áhrif á ráðningarferli.

Helstu efnisþættir þessarar handbókar eru:

- Almenn umfjöllun um bakgrunn kvenna af erlendum uppruna í nokkrum Evrópulöndum og er sú umfjöllun byggð á tölfræði og rannsóknum sem gerðar voru á meðan á verkefninu stóð.
- Yfirlit yfir námsefni og þjálfunaraðferðir.
- Staðalímyndir og leiðir til að vinna gegn þeim.
- Kostir þess að vera með fjölbreytt vinnuafl, m.a. með því að ráða konur af erlendum uppruna.
- Lagaramminn varðandi ráðningu kvenna af erlendum uppruna.
- Vefsíður og stofnanir þar sem vinnuveitendur geta sótt aðstoð og leiðbeiningar.

Konur af erlendum uppruna, einkum og sér í lagi þær sem koma frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins (EES), eru í verstri stöðu hvað varðar félagslega aðlögun og fjárhagsstöðu.

Af ofangreindum ástæðum var þessi handbók sett saman fyrir vinnuveitendur, en hér er áherslan lögð á kosti þess að vera með fjölbreytt vinnuafl um leið og varað er við viðteknum staðalímyndum. Þátttaka í AMW verkefninu var afar lærdómsrík og gagnleg fyrir Símenntunarmiðstöðina. Vafalaust mun ýmislegt sem hér var þróað og framkvæmt nýtast við námsgagnagerð, ráðgjöf og handleiðslu þegar fram líða stundir.

FEENICS – Ungt fólk og nýsköpunarhugsun í lífi og starfi

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi hefur um tveggja ára skeið tekið þátt í verkefni sem kallast FEENICS og er styrkt af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins. Þátttakendur í verkefninu voru stofnanir og fyrirtæki frá nokkrum löndum í Evrópu. Auk Íslands voru samstarfsaðilar frá Eistlandi, Búlgaríu, Portúgal og Króatíu.



Markmið FEENICS verkefnisins var að þróa stuðningsefni, námskeið og námsefni sem er sérsníðið að þörfum ungs fólks á aldrinum 20 – 29 ára og vinnuveitendum þeirra. Jafnframt nýtist það þeim sem ekki hafa starfsreynslu, eru í atvinnuleit eða á einhvern hátt teljast fráhverfir. Stuðningsefnið varð til með þróun og samþættingu þjálfunaraðferða og námsefnis sem á að ýta undir hvatningu og efla sjálfsvitund ungs fólks auk þess að skapa tækifæri til að tileinka sér frumkvöðlahæfni.

Nýsköpun innan fyrirtækis verður til í þróun og með stuðningi við frumkvæði til að gera nýja hluti eða til að gera það sem er til staðar á nýjan hátt. Enn fremur getur einstaklingur sem hefur yfir að ráða frumkvöðlahæfni orðið verðmætur fyrir sitt samfélag með því að taka þátt í verkefnum

tengdum ýmiskonar samtökum án hagnaðarsjónarmiða, almannaþjónustu og sem samfélagslegur frumkvöðull.

Að vera frumkvöðull á vinnustað (Intrapreneur) eða hafa hæfni til að vera nýskapandi í starfi er talið auka verulega möguleika ungs fólks á vel heppnaðri leið inn á vinnumarkaðinn. Frumkvöðlahæfni getur því styrkt þau sem skilvirka starfsmenn og eflt samkeppnishæfni þeirra á vinnumarkaði. Ef frumkvöðlahæfni er fósturð og virkjuð innan fyrirtækja, geta þessir einstaklingar orðið verðmætir starfsmenn og styrkt stöðu sína innan fyrirtækjanna.

Lokaráðstefna var haldin þann 16.janúar þar sem umfjöllunarefnið var stuðningur við nýsköpunar- og frumkvöðlahæfni ungs fólks.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar var Bárður Örn Gunnarsson, raðfrumkvöðull og markaðsmaður. Hann fjallaði m.a. um hversu ólík viðhorf kynslóðanna eru þegar kemur að því að velja sér starf og hversu mikilvægt það er fyrir atvinnulífið að skilja þessar ólíku þarfir. Jón Freyr Jóhannsson sem var leiðbeinandi í FEENICS námskeiðinu á Íslandi gaf þátttakendum á ráðstefnunni sýn á námskeiðið og Eero Elenurm kynnti kennsluvef verkefnisins og hvernig hann nýtist í kennslu.

Hrefna Sveinbjörnsdóttir og Rannveig Grétarsdóttir fóru svo yfir hvernig slíkt námskeið getur nýst á vinnustöðum eins og þeirra en þær starfa hjá hvala-skoðunarfyrirtækinu Eldingu. Það var sérstaklega áhugavert fyrir ráðstefnugesti að kynna báðum hliðum en Hrefna er verkefnastjóri og Rannveig framkvæmdastjóri. Að lokum fóru fram pallborðsumræður þar sem þátttakendur í verkefninu og gestir á ráðstefnunni ræddu helstu niðurstöður.



Vonir standa til að hægt verði að nýta niðurstöður verkefnisins í námsframboði Símenntunar-miðstöðvar Vesturlands á einn eða annan hátt.

Allar upplýsingar um verkefnið, námskeiðið og námsefnið er að finna á vef verkefnisins

<http://www.feenics.eu/>

Alternative active citizenship

Verkefnið Alternative active citizenship hófst árið 2017 og voru samstarfsaðilar frá Finnlandi, Noregi og Litáen. Í verkefninu var leitast við að finna og þróa nýjar aðferðir við kennslu fullorðinna í virkri borgaravitund, auk þess að bæta við námsefni sem nú þegar er til. Virk borgaravitund er sambland af þekkingu, viðhorfum, færni og aðgerðum sem miða að því að leggja sitt af mörkum til

að byggja upp og viðhalda lýðræðislegu samfélagi, en það telst vera eitt af mikilvægustu skrefunum í átt að heilbrigðum samfélögum. Virk borgaravitund þýðir að fólk tekur þátt í samfélagslegum verkefnum í sinni heimabyggð og því að byggja upp lýðræði á öllum stigum, frá bæjum til borga og starfsemi á landsvísu. Menntun sem þarf til að öðlast þessa þekkingu og þróa og æfa færni fer fram á öllum stigum samfélagsins, en skólar gegna þar mjög mikilvægu hlutverki. Hvernig borgaravitund er kennd í skólum getur haft mikil áhrif á það hvernig geta og vilji ungs fólks þróast til þess að taka þátt í opinberu lífi.

Samstarfsaðilarnir fjórir sem standa að þessu verkefni starfa allir innan menntageirans en á ólíkum sviðum; í háskóla, fullorðinsfræðslu, framhaldsfræðslu og framhaldsskóla. Þessi fjölbreytni auðveldaði að sérþekking samnýttist innan hvers sviðs. Allir þátttakendur hófu verkefnið með því að framkvæma þarfagreiningu í hverju landi. Grundvallaratriði var að skoða innihald fræðslu í virkri borgaravitund og voru mörg opinber skjöl, námskrár, greinar o.fl. skoðað og fundin ákveðin lykilorð. Þeim var skipt í þrjá þætti: formgerð, samhengi og hnattræna tilhneigingu. Markhóparnir í vettvangsrannsóknnum voru nokkuð ólíkir. Í Finnlandi voru það nemendur fræðaseturs KSL fyrir stjórnámamenn. Markhópurinn á Íslandi var innflytjendur sem höfðu búið í meira en ár í landinu og fyrrverandi nemendur hjá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi. Í Noregi var markhópurinn fyrrum kennaranemar frá Háskólanum í Østfold. Í Litáen var markhópurinn framhaldsskólanemar. Þrátt fyrir ólíka markhópa í hverju landi fyrir sig, voru svipaðar rannsóknaraðferðir notaðar, nema í Noregi þar sem speglunaraðferð var notuð í vettvangsrannsóknnum. Aðferðirnar voru notkun spurningalista, hópumræður og að svara skriflegum spurningum.

Niðurstöður vettvangsrannsóknar voru flokkaðar í fjóra hópa: 1. Uppbyggileg og áhrifarík samskipti 2. Gagnrýnin hugsun 3. Félagssleg ábyrgð 4. Lýðræðisleg vinnubrögð. Niðurstaða greiningarinnar varð til þess að kennsluefni og aðferðum var skipt í fjóra hluta; persónulega þróun, samskipti, virka þátttöku og alþjóðlega borgaravitund. Afurð verkefnisins var námsefni í virkri borgaravitund sem hægt er að nota á breiðu sviði hvort sem er í staðbundinni og/eða alþjóðlegri menntun. Aðferðirnar og námsefnið eru nýjung, bæði lýsing á djúpri rannsóknamiðaðri aðferð teyma, sem og beinni þjálfun hópa, samvinnunám og verkefnamiðaðar aðferðir. Með útgáfu og notkun á námsefninu er markmiðið að stuðla að þjálfun í virkri borgaravitund í símenntun, ýta undir hugmyndaauðgi námsmanna og að hugmyndir þeirra fái hljómgrunn og virki í samfélaginu.

Símenntunarmiðstöðin hélt vinnusmiðjur með innflytjendum í Borgarnesi vorið 2019 þar sem námsefnið og aðferðirnar voru prófaðar og fínþússaðar. Þátttakendur voru alls 8 og voru mjög jákvæðir og móttækilegir fyrir efninu. Í kjölfarið varð til umhverfishópur sem hefur að markmiði að gróðursetja tré í samstarfi við skógræktarfélag auk þess að vinna að umhverfismálum í Borgarbyggð. Verkefninu lauk á árinu 2019 og var lokaafurðari Lokaafurð verkefnisins var útgáfa á námsefninu “A guide of putting ideas to work”

https://simenntunarmidstodin.sharepoint.com/Shared%20Documents/Samstarfsverkefni_Samstarfsa%C3%B0ilar/Erlend/Alternative%20Active%20Citizenship/Resource%20Book%20finished.pdf

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sem er sérhæfður í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun.

Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins.

Verkefnið byggist m.a. á því að kerfisbundið er unnið að starfsmannaþróun í fyrirtækjum og stofnunum og tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna.

Starfsmannaþróun er eitt mikilvægasta verkfærið til að þróa og bæta fyrirtæki. Til að mögulegt sé að mæta þörfum starfsmanna er nauðsynlegt að vinna góða þarfagreiningu. Í verkefninu Fræðslustjóri að láni er megin áhersla lögð á að stjórnendur og aðrir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu sem þörf er á. Boðið er upp á einföld tæki sem fyrirtækin geta notað og sniðið að eigin þörfum og gengið úr skugga um að starfsmannastefna fyrirtækisins sé í takt við aðra þróun í fyrirtækinu.

Með þessum hætti fæst yfirlit yfir mannauð fyrirtækisins og hvernig hægt er að þróa hann áfram. Fyrirtækið þarf ekki að eyða tíma í að þróa sitt eigið kerfi heldur getur nýtt krafta sína í önnur verkefni.

Margir starfsmenntasjóðir niðurgreiða verkefnið Fræðslustjóra að láni og er hægt að fá upplýsingar um sjóðina á vefnum Áttin: www.attin.is

Á árinu 2019 gerði Símenntunarmiðstöðin 5 samstarfssamninga um Fræðslustjóra að láni og í þeim öllum var gert ráð fyrir að fræðsluáætlun yrði unnin fyrir fyrirtækið/stofnunina.

YFIRLIT YFIR FJARPRÓF

Fjarnemar nýta sér í auknum mæli þjónustu símenntunarmiðstöðvanna um allt land til að taka próf í heimabyggð. Sóknin í þessa þjónustu á Vesturlandi hefur aukist síðustu ár og kunna fjarnemar vel að meta hana.

Símenntunarmiðstöðin hefur gert þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er þessi þjónusta veitt í tengslum við þann samning.


Nemendur sem nýta sér þjónustuna koma einkum frá háskólunum á Íslandi, en einnig eru nemendur frá Keili, Endurmenntun HÍ, Opna háskólanum o.fl.

Nemendurnir taka próf í húsnaði Símenntunar á Akranesi, í Borgarnesi, Áttahagastofu Snæfellsbæjar, Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, Grunnskólanum í Stykkishólmi og Ráðhúsi Dalabyggðar.

Fjöldi próffyrirlagna á hverjum prófstað:

	2015	2016	2017	2018	2019
Akranes	349	320	427	406	374
Borgarnes	177	205	215	197	166
Búðardalur	13	10	20	8	20
Grundarfjörður	47	38	66	40	41
Snæfellsbær	48	64	40	85	99
Stykkishólmur	61	77	81	50	70
Samtals	695	714	849	786	770

Skipting próffyrirlagna eftir skólum 2019:





HITT OG ÞETTA

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Kvasir er sameiginlegur vettvangur og hagsmunasamtök ellefu símenntunarmiðstöðva á landinu. Miðstöðvarnar skiptast á að eiga fulltrúa í stjórn til tveggja ára í senn. Á vegum samtakanna eru haldnir tveir fundir á ári, á haustin og vorin, auk félagsfunda eftir þörfum.

Stjórn Kvasis skipa eftirfarandi 2018-2019:

Eyjólfur Sturlaugsson formaður, Fræðslunet Suðurlands
Bryndís Práinsdóttir, Farskólinn á Norðurlandi vestra
Vigdís Ásmundsdóttir, Framvegis



Starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna hittast á sameiginlegum vinnufundi á vorin og var þekkingarnet Þingeyinga gestgjafi þetta árið.

Nánari upplýsingar um Kvasi er að finna á www.fraedslumidstodvar.is

Leikn

Guðrún Vala Elísdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hefur gegnt formennsku Leiknar frá árinu 2017. Leikn er samtök full-orðinsfræðsluaðila á Íslandi og er tilgangur samtakanna að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Einnig að vera í forystu fyrir þróun fullorðinsfræðslunnar á Íslandi, að verasameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu og málsvári þeirra gagnvart stjórnvöldum. Enn fremur að vera tengiliður erlendra samskipta á Íslandi á sviði fullorðinsfræðslu, byggja upp vettvang fyrir skoðanaskipti um fullorðinsfræðslu og sameina krafta fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi og styrkja þannig markvisst samstarf þeirra.



Upplýsingar um Leikn eru á vefsíðunni www.leikn.is og fb síðunni <https://www.facebook.com/Fullordnir/>

Fyrir hönd Leiknar sat Guðrún Vala í samráðshópi í Evrópuverkefninu VISKA sem er tilrauna- og rannsóknarverkefni um að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni þeirra og auka þar með möguleika á því að fá störf við hæfi og hlúa að félagslegri aðlögun. Verkefninu lauk í byrjun árs 2020 og má lesa nánar um það á vefsíðu þess www.viskaproject.eu

Leikn er í samstarfi við EAEA (*European Association for the Education of Adults*). EAEA er áhrifavaldur á stefnu Evrópusambandsins um óformlega fullorðinsfræðslu og símenntun og vinnur með stofnunum Evrópusambandsins, samtökum borgaralegra félagasamtaka innan Evrópusambandsins, öðrum alþjóðlegum og evrópskum hagsmunaaðilum og hér innanlands. Starfsmenn samtakanna funda með stefnumótandi aðilum og hagsmunaaðilum, setja fram yfirlýsingar og bregðast við könnunum, en þetta eru þeirra aðal leiðir til þess að hafa áhrif á stefnumótandi aðila. Yfirlýsing (e. Manifesto) EAEA um fullorðinsfræðslu á 21. öldinni gefur yfirlit yfir þá málaflokka sem verið er að vinna að og gildin sem samtökin telja mikilvæg. Leikn hefur undanfarið ár unnið að þýðingu á Yfirlýsingunni og verður hún kynnt á árinu 2020. EAEA skipuleggur einnig viðburði með og fyrir stofnanir ESB fyrir hönd almennra borgara á sviði fullorðinsfræðslu og kemur sjónarmiðum á framfæri á ráðstefnum og í vinnuhópum. EAEA er nú aðili að ET202 vinnuhópnum um fullorðinsfræðslu og menntun. Heimasíða EAEA er á slóðinni <https://eaea.org/>

Leikn er í samstarfi við EPALE (Electornic Platform for Adult Learning in Europe) á Íslandi. Vefsíða EPALE er <https://ec.europa.eu/epale/en> og þar má lesa greinar og fræðsluefni um fullorðinsfræðslu í Evrópu þ.m.t. á Íslandi.

Starfsendurhæfing Vesturlands

Hlutverk Starfsendurhæfingar Vesturlands er að veita fólki starfsendurhæfingu sem hefur verið utan vinnumarkaðar vegna veikinda, slysa eða annarra aðstæðna og þurft stuðning við endurkomu á vinnumarkaðinn. Fjármögnun StarfVest er eingöngu í gegnum samstarfssamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

Símenntunarmiðstöðin er stofnaðili að Starfsendurhæfingu Vesturlands og á fulltrúa í stjórn. Aðrir stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Vercalýðsfélag Akraness og Stéttarfélag Vesturlands.

StarfVest var formlega stofnuð 11. desember 2014. Aðsetur starfseminnar er á Suðurgötu 57 á Akranesi.

Símenntunarmiðstöðin og Starfsendurhæfingin eru í mjög góðu samstarfi, en starfsemi beggja stofnana er í sama húsinu á Akranesi, sem býður upp á ýmsa möguleika í samstarfi.

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Vesturlands má finna hér: www.starfvest.is



Frá skóladegi í Borgarbyggð.

Skóladagur í Borgarbyggð

Símenntunarmiðstöðinni var boðið að taka þátt í skóladegi Borgarbyggðar sem var haldinn 30. mars 2019. Öllum menntastofnunum í Borgarbyggð var boðið að taka þátt, þ.e. leikskólum, grunnskólum, háskólum, tónlistarskóla og Símenntunarmiðstöð Vesturlands.

Menntastofnannirnar kynntu starfsemi og samstarf sín á milli með fjölbreyttum hætti. Símenntunarmiðstöð Vesturlands fékk IDUNA fræðslusetur til liðs við sig og bauð gestum að spreyta sig í suðhermi. Þetta vakti lukku og hefur vonandi orðið til þess að vekja áhuga einhverra á að læra suðu.

Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Símenntunarmiðstöðin gerði samstarfssamning við Hæfnisetur ferðapjónustunnar í byrjun árs 2019. Samningurinn er til 14 mánaða og lýstu báðir aðilar yfir vilja til þess að framlengja samninginn að þeim tíma liðnum verði árangur á grundvelli hans viðunandi.

Markmið samningsins er að standa fyrir mælanlegri og árangursmiðaðri fræðslu í samræmi við þarfir fyrirtækja. Í tengslum við þennan samning hefur Símenntunarmiðstöðin gert samstarfssamning við þrjú fyrirtæki innan ferðapjónustunnar um gerð fræðslu-áætlunar og fræðslu fyrir starfsfólk.



Samningur við Hæfnisetrið handsalaður.

Þjónustutengd íslenskukennsla

Símenntunarmiðstöðin stóð fyrir þjónustutengdri íslenskukennslu innan fyrirtækja í ferðapjónustu. Þetta voru stutt og hnitmiðuð námskeið þar sem kennarinn kenndi starfsfólkinu í þeirra vinnu-umhverfi og vann með íslensk orð og setningar því tengdu.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes – samstarfsverkefni

Símenntunarmiðstöðin skipulagði námskeiðaröð í samstarfi við Svæðisgarðinn Snæfellsnes fyrir starfsfólk Gestastofu Snæfellsness og ferðapjónustuaðila á Snæfellsnesi.

Námskeiðin voru fimm talsins og efnistökn voru m.a. notkun samfélagsmiðla í markaðssetningu, um gestrisni og þjónustu, fjallað um náttúru, menningu og mannlíf á Snæfellsnesi og síðan var fjallað um þrif og notkun náttúrurvænna efna í því samhengi.

Þetta samstarf gafst vel og vonandi upphafið að meiru og víðtækara samstarfi.



Frá Snæfellsnesi.

Fjölmenningarhátíð í Snæfellsbæ

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í Fjölmenningarhátíðinni í Ólafsvík, en hún var haldin 20. október. Markmiðið með henni er að kynna ólíka menningu fyrir öðrum íbúum á Snæfellsnesi.

Þetta var í fimmta sinn sem hátíðin var haldin og þetta var fjölmennasta hátíðin hingað til.

Þetta er í fjórða skiptið sem Símenntunarmiðstöðin tekur þátt, en okkar starfsmaður var á svæðinu með kynningarbás og rabbaði við gesti og gangandi.

Vökudagar á Akranesi

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í menningarhátíðinni Vökudögum á Akranesi, en hún var haldin í lok október og byrjun nóvember. Ýmsir viðburði voru í boði og stóð Símenntunarmiðstöðin fyrir fræðslufyrirlestri sem nefndist “Er svona flókið að borða” sem Ólöf og Gréta hjá fyrirtækinu 100 g ehf. héldu. Þessi fyrirlestur sló í gegn en um 60 manns sóttu fyrirlesturinn.

Styrkur úr þróunarsjóði innflytjendamála

Símenntunarmiðstöðin sótti um styrk í sjóðinn til að vinna að verkefni sem er byggt á 6 markmiðum:

- 1) Að auðvelda íbúum af erlendum uppruna íslenskunám, óháð búsetu eða aðstöðu hvers og eins. Með aukinni íslenskukunnáttu er líklegra að innflytjendur eigi auðveldara með að njóta sín og vera þátttakendur í íslensku samfélagi, sem er þeim og samfélaginu til heilla.
- 2) Sem liður í að vernda íslenska tungu er mikilvægt að innflytjendur hafi tækifæri til þess að læra íslensku.
- 3) Þar sem eru dreifðar byggðir er erfiðara að ná nægilega mörgum þátttakendum saman í námshóp, ennfremur vinna innflytjendur gjarnan langan vinnudag, eru þreyttir á kvöldin þegar kennsla er í boði, hafa etv. ekki þössun o.fl. en með verkefninu opnast aðrir möguleikar.
- 4) Mikilvægt að vinna gegn hindrunum og koma í veg fyrir erfitt aðgengi að íslenskunámi.
- 5) Að nýta áralanga reynslu okkar og þekkingu til þess að gera íslenskunám að spennandi, áhugaverðum og aðgengilegum kosti.
- 6) Að bjóða upp á íslenskunám sem er kostnaðarminna og getur þar af leiðandi leitt til meiri allmennrar þátttöku.

Símenntunarmiðstöðin fékk úthlutað kr. 1.700.000 til verkefnisins.

Námskeið fyrir skiptinema við Landbúnaðarháskóla Íslands

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í verkefni með Landbúnaðarháskóla Íslands haustið 2019 sem gekk út á að fræða skiptinema í skólanum um íslenska sögu, menningu og náttúru. Sett var upp námskeið þar sem leiðbeinandi var með skiptinemunum á Hvanneyri einu sinni í viku í 10 vikur, 1,5 klst í senn. Á námskeiðinu var boðið upp á örnámskeið í íslensku þar sem nemendur gætu tileinkað sér einföld tjáskipti, fjallað um uppbyggingu íslensks samfélags, fræðst um sveitarfélagið Borgarbyggð og fjallað um íslenskar hefðir og dægurmenningu. Einnig var fjallað um íslenska náttúru og umgengni við hana, boðið upp á örnámskeið um ferðalög í kringum landið og helstu upplýsingavefir kynntir.

Skiptinemarnir voru sjö og komu frá Tékklandi, Þýskalandi, Eistlandi og Frakklandi.



Skiptinemar.

VILTU FRÆÐAST MEIRA UM FRAMHALDSFRÆÐSLUNA?

Gáttin

Gátt er ársrit um fræðslumál fullorðinna þar sem lögð er m.a. áhersla á menntun á vinnumarkaði. Í ritinu eru fræðilegar greinar, kynning á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun og viðtöl og frásagnir um það sem er efst á baugi hverju sinni. Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <http://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>

Næsta skref

Á þessum upplýsingavef er hægt að nálgast upplýsingar um nám, störf, raunfærnimat og ráðgjöf. Sjá vef: <https://naestaskref.is/>

Menntamálastofnun

Á vef Menntamálastofnunar má finna ýmsar upplýsingar um framhaldsfræðslu. Sjá vef: <https://mms.is/framhaldsfraedsla>

AÐ LOKUM

Símenntunarmiðstöð Vesturlands er rötgróin stofnun sem hefur sýnt sig að vera þessum landshluta afar mikilvæg. Í eðli sínu er hún sveigjanleg sem gerir það að verkum að hún getur á tiltölulega skömmum tíma lagað sig að breyttum aðstæðum. Samfélagið hefur verið að feta sig inn í fjórðu iðnbyltinguna með ýmsum hætti. Stafrænar lausnir



koma í stað einhæfra starfa, sem kallar á að fólk sækji sér aukna menntun og þekkingu við breyttar aðstæður. Við munum ekki láta okkar eftir liggja í tækniþróuninni, bæði er snýr að verklagi okkar starfsfólksins, en ekki síður að mæta þeim kröfum sem viðskiptavinir okkar kalla m.a. eftir, s.s. að hluti kennslunnar sé í fjarnámi og að rafræn ráðgjöf sé í boði.

Þó svo að framhaldsfræðslan sé vart nefnd í drögum að Menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030 er það nú samt svo að hún er aldrei mikilvægari en einmitt á tímum eins og við erum að upplifa núna. Við höfum reynsluna frá hrunárunum 2008 til 2012 þegar atvinnuleysið jókst skyndilega hröðum skrefum og fjöldi fólks sótti sér aukna menntun til þess að styrkja sig á vinnumarkaði þegar aftur rofaði til. Það sama verður án nokkurs vafa upp á teningnum á komandi skólaári og ég tel einboðið að það sama eigi við um símenntunarmiðstöðvarnar. Það mun ekki standa á okkur að standa undir þeim kröfum sem til okkar verða gerðar í þeim efnum.

Árið 2019 var viðburðaríkt og gefandi og við tókumst á við margar nýjar og spennandi

áskoranir, auk hefðbundinna þátta í starfsemi. Sem fyrr átti Símenntunarmiðstöð Vesturlands í góðu samstarfi við fjölmörg fyrirtæki og stofnanir.

Við tókum þátt í Evrópuverkefnum, fjölbreyttum raunfærnimatsverkefnum, kenndum vottaðar námsleiðir í fyrirtækjum, í fjarnámi og á starfsstöðvum Símenntunar, gerðum samning við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar, buðum upp á íslenskunámskeið, námskeið fyrir fólk með fötlun, vorum með sérsniðin námskeið fyrir atvinnulífið, tókum þátt í menningarhátíðum og stóðum fyrir opnum fyrirlestrum svo eitt-hvað sé nefnt.

Við höldum líka áfram að innleiða INNU nemendabókhaldskerfið, uppfærðum vefinn okkar, undirbjuggum okkur fyrir gæðaúttekt sem verður árið 2020 og svo allt hitt!

Starfsemin er fjölbreytt og næg eru verkefnin í fullorðinsfræðslunni og þess vegna veldur það mér vonbrigðum að hennar sé vart getið í Menntastefnu stjórnvalda. Framlag ríkisins til símenntunarmiðstöðvanna hefur rýrnað umtalsvert síðustu árin og það sama á við um framlag ríkisins til íslenskukennslu fyrir útlendinga og framlag Fjölmennar í námskeið fyrir fólk með fötlun.

Hvert viljum við stefna með fullorðinsfræðsluna? Mér finnst þetta vera lykilspurningin í dag.

Ég þakka samstarfsfólkinu mínu og stjórn Símenntunar fyrir gott og gefandi starf á árinu sem og þeim fjölmörgu verktökum sem hafa unnið að fjölbreyttum verkefnum á árinu.

Inga Dóra Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR Á VESTURLANDI 2019

Uppsetning ársskýrslu: Óli Arnar
júní 2020

www.simenntun.is